

✉ Re: Tillaga að friðlýsingu Dranga

Búið til	24.11.2021 15:57:29
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	24.11.2021 15:57:28
Tilheyrir	 2019060028 - Áform um friðlýsingu Dranga í Árneshreppi á Ströndum

Efni

Re: Tillaga að friðlýsingu Dranga

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	24.11.2021 15:57:28	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	41-2 Tillögur um friðlýsingar svæða eða náttúrumyndana		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	eva.hannesdottir@umhverfisstofnun.is

Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 201906-0028 (LA, BK, SS).

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 24. ágúst 2021, þar sem kynnt er tillaga að friðlýsingu Dranga á Ströndum sem óbyggt víðerni í samræmi við 46. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Tillagan felst í friðlýsingarskilmálum ásamt hnitsettum mörkum fyrir svæðið.

Náttúrufræðistofnun Íslands sendi Umhverfisstofnun álit sitt um verndargildi svæðisins 3. september 2019.

Því er fagnað að undirbúningur við friðlýsingu jarðarinnar Dranga sé kominn langt á veg og að friðlýsingarskilmálar hafi verið auglýstir. Drangar eru staðsettir innan mun stærra svæðis (Drangajökull - Drangajökull | Náttúrufræðistofnun Íslands (ni.is) (<https://www.ni.is/greinar/vf-drangajokull>)) sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur tilnefnt fyrir B-hluta náttúruminjaskrár vegna jarðminja og landslags og er hér því tekið mikilvægt fyrsta skref í átt að verndun víðerna og annarra náttúruminja á svæðinu.

Náttúrufræðistofnun gerir nokkrar efnislegar athugasemdir við einstakar greinar auglýsingarinnar og eru þær eftirfarandi:

Athugasemdir við auglýsta friðlýsingarskilmála:

-

Í 5. grein er fjallað um efni í stjórnunar- og verndaráætlun. Sleppa ætti þ.m.t. í textanum (feitletrað) „... verndun jarðminja, verndun gróðurs og dýralífs, **þ.m.t. framandi lífverur og aðgerðir í tengslum við þær, landnotkun,...**“ því framsetningin getur valdið misskilningi.

Í 6. grein er fjallað um rannsóknir og vöktun og þar stendur „Náttúrufræðistofnun Íslands ber ábyrgð á vöktun lífríkis í friðlandinu í samræmi við 74. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.“ Í lögum um náttúruvernd stendur að Náttúrufræðistofnun beri ábyrgð á vöktun lykilþátta íslenskrar náttúru sem nær yfir bæði lífríki og jarðminjar. Þá er friðland ein gerð friðlýsingar skv. 49. gr. laga um náttúruvernd, sem á ekki við hér. Breyta þarf textanum *vöktun lífríkis í friðlandinu* og í staðinn t.d. setja **vöktun náttúrufars innan friðlýsta svæðisins**.

Í 8. grein er fjallað um verndun óbyggðs víðernis og landslags. Í fyrstu málsgrein stendur „Vernda skal náttúrulegt ástand, einkenni og sérkenni svæðisins til framtíðar.“ Hér mætti nefna óbyggð víðerni og landslag í þessari upphafssetningu frekar en að ræða um svæði, það er full opið. Setningin gæti t.d. verið á þessa leið: **“Vernda skal það náttúrulega ástand og einkenni og sérkenni landslags og náttúrufars sem gerir svæðið að óbyggðu víðerni”**.

Í sömu grein kemur einnig fram að framkvæmdir sem skerða óbyggð víðerni svæðisins eru óheimilar og í 12. grein stendur *“Framkvæmdir á grundvelli deiliskipulags sem er í gildi við undirritun friðlýsingar eru ekki háðar leyfi Umhverfisstofnunar enda sé sérkennum og verndargildi svæðisins ekki raskað, frárennsli verði hreinsað með fullnægjandi hætti sbr. reglugerð um fráveitur og skólp og að frágangur að framkvæmdum loknum sé ætíð til fyrirmyndar.”* Náttúrufræðistofnun telur að til verndar óbyggðu víðerni þurfi að afmarka svæði á korti þar sem framkvæmdir eða innviðaupbyggingar eru leyfðar samkvæmt gildandi deiliskipulagi en sem annars eru ekki leyfðar á friðlýsta svæðinu. Þannig má tryggja að skilyrði um óbyggð víðerni séu uppfyllt miðað við formlegar skilgreiningar.

Í 13. grein um umferð innan verndarsvæðisins kemur fram að í stjórnunar- og verndaráætlun verði skilgreindir frekar (ásamt reglum) hjólastígar, reiðleiðir, tjaldsvæði og lendingarstaðir flugvéla, þyrta og annarra mannaðra loftfara innan svæðisins. Náttúrufræðistofnun lítur svo á að þar til þessir áður upptaldir innviðir hafa verið skilgreindir í stjórnunar- og verndaráætlun sé uppbygging þeirra óheimil innan friðlýsta svæðisins. Í þessu samhengi vill stofnunin einnig minna á ákvæði 46. gr. náttúruverndarlaga um að innan óbyggða víðerna fær náttúran að þróast án álags af mannlegum umsvifum og að tryggja þarf að kynslóðir geti notið þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja. Þar af leiðandi er mikilvægt að setja takmörk á innviðaupbyggingu og umferð strax í upphafi friðlýsingar, þar sem búast má við því að ferðamönnum fjölgi með aukinni uppbyggingu sem getur hæglega sett markmið og verndargildi óbyggða víðernisins í hættu.

Í framhaldi af þessu er í sömu grein tekið fram að landeigandi er undanskilinn ýmsum takmörkunum sem settar eru fram t.d. er varðar lendingarstað mannaðra loftfara og fjölda ferðamanna sem má flytja í land með skipum. Náttúrufræðistofnun veltir fyrir sér hvers vegna þessi almenna undanþága sé veitt í skilmálum friðlýsingar. Væri ekki heppilegra að veita undanþágur ef þörf krefur þegar sú staða kemur upp og hægt er að meta hvert tilfelli fyrir sig?

Í 12. mgr. 13. gr. er varðar notkun fjarstýrðra loftfara innan friðlýsta svæðisins telur Náttúrufræðistofnun þörf á að bæta við heimild vegna rannsókna og vöktunar, og leggur til að þar standi (viðbætur feitletraðar) **„Notkun fjarstýrðra loftfara er óheimil innan verndarsvæðisins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Þó er heimilt að nota fjarstýrð loftför, ef nauðsyn krefur, vegna leitar- og björgunaraðgerða, **vegna rannsókna og vöktunar Náttúrufræðistofnunar Íslands, umsjónar og eftirlits Umhverfisstofnunar og vegna starfa landeiganda.**“**

Í 15. grein er fjallað um veiðar og nýtingu hlunninda. Náttúrufræðistofnun telur ekki við hæfi notkun orðsins „vargur“ í opinberum gögnum. Náttúrufræðistofnun telur einnig að ekki ætti að veita alhliða heimild á notkun skotvopna til refaveiða heldur ætti að skilgreina heimild um undanþágur t.d. þegar verja þarf

æðavarp og slíkt á líklega einungis við lítinn hluta friðlýsta svæðisins. Veiðar á villtum dýrum sem ekki teljast framandi ágengar tegundir eru í ósamræmi við ákvæði 10. greinar um verndun lífríkis og að óheimilt sé að trufla dýralíf og því heppilegra að heimildir til veiða séu veittar sem undanþágur.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Eva B. Sólan Hannesdóttir" <eva.hannesdottir@umhverfisstofnun.is>

To:

CC:

Subject: Tillaga að friðlýsingu Dranga

Date: 24.8.2021 16:56:50

Ágæti viðtakandi,

hjálagt er bréf frá Umhverfisstofnun þar sem kynnt er tillaga að friðlýsingu Dranga á Ströndum (sjá <https://ust.is/nattura/fridlysingar/fridlysingar-i-kynningu/drangar-a-strondum/> (<https://ust.is/nattura/fridlysingar/fridlysingar-i-kynningu/drangar-a-strondum/>)).

Vakin er athygli á því að bréfið er eingöngu sent á rafrænu formi, nema annars sé sérstaklega óskað.

Bestu kveðjur / Best regards

Eva B. Sólan Hannesdóttir

Lögfræðingur / Lawyer

Svið Friðlýsinga og starfsleyfa / Department for Designation of Nature Protection Areas and Pollution Permits



Umhverfisstofnun / Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is) (<http://www.ust.is/>)

Viðhengi

image001.png (3 KB)

image002.png (5 KB)